


S N I Ð  A – A




AFSTAÐA 1/1000

## Byggingarlýsing

**Húsgerð:**
Húsið er frístundahús úr timbri ásamt gestahúsi. Kjallari og óuppfylltir sökklar eru undir aðalhúsi.

**Stærðir:**

| | Aðalhús 1. hæð | Aðalhús kjallari | Gestahús | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Birt flatarmál: | 88,7 m2 | 41,3 m2 | 16,3 m2 | 146,3 m2 |
| Brúttórúmmál: | 279,3 m3 | 97,9 m3 | 43,1 m3 | 420,3 m3 |

**Undirstöður:**
Sökklar og botnplata eru úr járnbentri steinsteypu. 120mm plasteinangrun er undir botnplötu. U–gildi botnplötu er 0,22 w/m2°C (frávik sbr. gr. 13.3.1). Undirstöður palla eru steyptar súlur.

**Útveggir:**
Veggir kjallara eru steyptir og einangraðir með 100mm plasteinangrun. U–gildi steyptra veggja að útilofti er 0,30 w/m2°C og steyptra veggja að jarðvegi 0,22 w/m2°C. Vegið meðaltal 0,25 w/m2°C. Útveggir hæðar eru úr timbri. Stoðir eru 45x145mm. Einangrun er 145mm steinull, þvínæst 0,15mm plastdúkur og innsta klæðning er 16mm panell. Að utan er 9mm vatnsheldur krossviður, 12mm loftbil og 20/28mm standandi timburklæðning. U–gildi timburútveggja er 0,22 w/m2°C. Gluggar eru úr timbri. Tvöfalt háeinangrandi gler er í gluggum. U–gildi glugga er 1,3 w/m2°C.

**Innveggir:**
Berandi innveggir eru úr 45x95mm stoðum. Einangrun er 50mm steinull. Klæðning innveggja er 16mm panell.

**Þak:**
Burðarvirki þaks eru berandi veggir. Þaksperrur eru 45x220mm. Einangrun þaks er 200mm þakull og 30mm þilull í raflagnagrind. Samtals 230mm. Að innan er 0,15mm plastdúkur, raflagnagrind og 16mm panelklæðning. Að ofan er borðaklæðning klædd tjörupappa. Ysta klæðning þaks er báruð alusink. U–gildi þaks er 0,15 w/m2°C.

**Lagnir og upphitun:**
Húsið tengist hitaveitu og verður hitað með blöndu af gólfhita og ofnum. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum. Inntök eru í kjallara. Heildarleiðnitap hússins er 1,51 w/m2°C, en 1,52 w/m2°C skv. hámarks U–gildum í byggingarreglugerð (töflu 13.01).

**Brunavarnir:**
Berandi veggir og þök skulu vera EI30 a.m.k. Klæðningar séu ekki lakari en í flokki 2. Frágangur á eldstæði og reykháfi skal vera í samræmi við greinar 9.6.5 og 9.6.6 í Byggingareglugerð og leiðbeiningarblaði Mannvirkjastofnunar 192.BR1. Í hverju svefnherbergi skal vera björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum og handslökkvitæki (ABC duft 6 kg) í húsinu í samræmi við skýringar á grunnmynd.

SAMÞYKKT
18 JÚLÍ 2012

hagtækni
tækniþjónusta | Refsholti 7, Skorradal | sími 861 7252

| | |
|---|---|
| VERK: Birkibraut 7, Biskupstungum | VERK NR.: 333 |
| TEIKNING: Sumarhús<br>Þversnið, afstaða og byggingarlýsing 1/50 og 1/1000 | TEIKN. NR.: 105 |
| DAGS.: 12. júlí 2012 | BREYTT: |
| TEIKNAÐ: Ingólfur Margeirsson 070252-3099 | SAMÞ.: |